

Náttúrustofa Norðausturlands  
Hafnarstétt 3  
630 Húsavík

Reykjavík, 29. ágúst 2024  
UST202408-245/P.V.B.  
09.04.00

### Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Norðausturlands, dagsett, 27. ágúst 2024, um leyfi til rannsókna innan friðlýsta svæðisins Goðafoss.

Goðafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 647/2020](#). Óheimilt er að raska gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum á friðlýsta svæðinu. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til nota flygildi til að meta umfang álagssvæða og myndun hentistíga á svæðinu. Flogið yrði skv. fyrirfram ákveðnum ferli og reynt verður að hafa það eins stutt á lofti og hægt er. Að fluginu kæmu 2 starfsmenn og það tæki 1 dag í lok ágúst eða byrjun september.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins. Flugðið gæti þó haft neikvæð áhrif á upplifun gesta á svæðinu. Að mati stofnunarinnar vegur tilgangur flugsins hærra en möguleg áhrif á upplifun gesta. Fluginu er ætlað að kortleggja álag á gróður og jarðveg á svæðinu og mun bæta þekkingu á ástandi svæðisins og til hvaða verndaraðgerða þarf að grípa á svæðinu.

### Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Norðausturlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi í rannsóknarskygni innan friðlýsta svæðisins Goðafoss sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 30. september 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera auðkenndir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.

- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Dagbjört Jónsdóttir  
**svæðissérfræðingur**

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
**sérfræðingur**